

Umhverfisstofnun
Áb. <u>BS</u>
29 SEPT. 2006 <u>54.55</u>
Tilv. <u>UST20060900059</u>

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Laugavegur 24
15 - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 25. september 2006

Tilvisun: UST20060900059/bs

Efnistaka í landi Áreyja, Seljateigs og Seljateigshjáleigu í Reyðarfirði, Fjarðabyggð. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 12. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindar efnistöku.


Í erindi Fjarðabyggðar kemur fram að umhverfissvið Fjarðabyggðar hafi samkvæmt bókun umhverfisnefndar sveitarfélagsins dags. 8. mars 2006 óskað eftir umsögn Umhverfisstofnunar um ofangreinda efnistöku, en svar hafi ekki borist frá Umhverfisstofnun.


Umhverfisstofnun svaraði ofangreindu erindi með bréfi dags. 15. maí 2006 sbr.hjálagt afrit.

Þar kemur fram að stofnunin gerir ekki athugasemdir við efnistöku svofremi að staðið verði að henni á þann hátt sem eftirlitsráðgjafi Umhverfisstofnunar á Austurlandi lagði til.

Umhverfisstofnu óskar eftir upplýsingum um hvort Fjarðabyggð hyggist standa að umræddri efnistöku á þann hátt sem tilgreint er í fyrmefndu bréfi Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson



Stefán Einarsson

Verkefnastjóri

Hjálagt: Afrit af bréfi Umhverfisstofnunar til Fjarðabyggðar dags. 15. maí 2006



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☐ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Fjarðabyggð
Óttar Guðmundsson
Hafnargata 2
730 Fjarðabyggð

Reykjavík, 15. maí 2006
Tilvisun: UST20060300089/bs

Umsögn um efnisnám í landi Áreyja, Seljateigs og Seljateigshjáleigu


Vísað er til bréfs Fjarðabyggðar dags. 15. mars 2006 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint efnisnám.

Fyrirhugað er að taka um 45.000 m³ af mól á rúmlega 2 hektara svæði. Þegar er búið að taka um 30.000 m³ á þessu svæði þannig að samanlögð efnistaka á svæðinu verður alls um 75.000 m³. Efnistakan mun fara fram á gróðurlitlum eyrum meðfram nyrðri kvísl Fagradalsár. Einar Þórarinsson eflirlitsráðgjafi Umhverfisstofnunar á Austurlandi skoðaði aðstæður á vettvangi 4. maí sl. og gaf hann eftirfarandi umsögn um hvernig standa ætti að efnistöku á þessum stað:


Ég tel mögulegt að efnistakan haldi áfram með sama hætti og í námunni utan við að því tilskildu að hún verði unnin í sömu dýpt og þess gætt að ekki myndist uppistaða í henni. Efnistakan takmarkist af ánni að sunnan en læna sem rennur niður eyrarnar að norðanverðu ráði mörkum þar þannig að ekki verði gengið nærri jarðvegsbakka sem liggur að eyrunum. Vinna þarf námuna utan frá í beinu framhaldi af ytri námu. Gengið verði frá námunni með svipuðu sniði og gert var í hinni námunni. Þá er nauðsynlegt að náman verði unnin af snyrtimennsku og að gengið verði frá ef tímabundið verður hætt efnistöku í námunni en bent skal á að náman er á áberandi stað í næsta nágrenni við fjölfarinn veg (Norðfjarðarvegur á milli Reyðarfjarðar og Egilsstaða). Brýnt er að ekki verði skilin eftir tæki, fylgihlutir eða annað í námunni utan vinnslutíma.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða efnistöku svo fremi að staðið verði að efnistöku á þann hátt sem Einar Þórarinsson leggur til. Umhverfisstofnun telur að sveitarstjórn eigi að setja ofangreinda lýsingu á því hvernig staðið verði að efnistöku í framkvæmdaleyfi til að tryggja góða umgengni og frágang að efnistöku lokinni.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson

Afrit: Skipulagsstofnun


Helgi Þorsson
Forstöðumaður